

95. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 3. desember 2008 kl. 17.00 í grunnskólanum við Skólastíg. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Kristín Sigurðardóttir, foreldraráði grunnskóla, Sesselja Kristinsdóttir, Helga Sveinsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra

1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- ◆ Mjög áhugaverður fyrirlestur frá Blátt áfram. Sigrún vill þakka foreldrafélögunum fyrir og ekki síður styrktaraðilum, Lions og Rauða krossinum.
- ◆ Jóladagskrá með hefðbundnu sniði. Föndurdagar, kirkjuferð, skógarferð og Norska húsið. Litlu jólin verða svo 17. desember.
- ◆ Viðtöl vegna Hljóm 2 prófa er búið, börnin komu ágætlega út í heildina. Nokkrum börnum var vísað til talmeinafræðings í nánari prófun.
- ◆ Leikskólinn verður lokaður vegna sumarleyfa 2. janúar. Mikið hefur safnast upp af sumarleyfisdögum síðan sumarfrí leikskólans varð 20 virkir dagar.

Fyrirspurn: Er búið að dreifa skoðanakönnun til foreldra/forráðamanna varðandi sumarleyfi. Já, búið er að dreifa henni og eiga foreldrar/forráðamenn að skila inn óskum fyrir 10. desember.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna og gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- ◆ Kynning á desemberpunktum í GSS.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna og gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fræðslunefnd fagnar því að námsmenn (í framhalds- og háskólanámi) sem búsettir eru í Stykkishólmi þurfi ekki lengur að fara í önnur bæjarfélög til að þreyta próf. Grunnskólinn í Stykkishólmi er nú orðinn viðurkenndur próftökustaður fyrir marga framhalds- og háskóla.

2. Kynning á Comeniusarverkefninu og vinnuferð kennara GSS til Spánar

- ♣ Helga, Sesselja og Steinunn kynntu verkefnið og sýndu myndir og ýmis verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við þetta verkefni. Mjög flott kynning.

Fræðslunefnd þakkar fyrir kynninguna og tekur undir að þetta verkefni er augljóslega mjög jákvætt og telur það mjög dýrmætt bæði fyrir kennara og nemendur að geta tekið þátt í slíku samstarfi.

3. Önnur mál

- ♣ Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.20.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).